

1859.
14. júlí. 31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi og amtmannsins í Norður- og Austurum-dæminu, um skilning á opnu bréfi 19. maí 1854.

Dómsmálastjórnin hefur, eptir að vera kvödd þar til¹, í dag úrskurðað, að opið bréf 19. maí 1854 skuli skilið á þann veg, að svo framarlega sem kaupmenn sanna, að þeir séu eigendur eða meðeigendur að einhverju föstu verzlunarhúsi á Íslandi, skal þeim vera heimilt að kaupa íslenzkar vörur, og selja vöru- tegundir þær, er opið bréf 19. maí 1854 nefnir, annarstaðar á ströndum Íslands, en á hinum löggildu verzlunarstöðum; en þar á móti geta þeir ekki flutt aðrar vörur, en þetta opna bréf nefnir, til innbúa slíkra staða, nema þeir fyrst hafi selt þær á hinum föstu verzlunarstöðum, en enganvegin þegar þeir hafa selt þær annarstaðar sem lausakaupmenn, þar það liggur í augum uppi, að slíkt mundi leiða til þess, að farið yrði kringum ákvörðun þá, er hér ræðir um. Þetta látum vér yður, herra stiptamtmaður (amtmaður), hérmeð vita yður til leið- beiningar.

28. júlí. 32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir Norður- og Austurumdæminu, útaf umkvörtun Kristjáns Jónssonar í Stóradal, um það hvernig farið var að við hann í kláðamálinu.

Í bréfi 10. janúarm. þ. á. hefur dómsmálastjórnin fengið álit yðar, herra amtmaður, viðvíkjandi umkvörtun Kristjáns bónda Jónssonar í Stóradal í Húnavatns sýslu, útaf aðferð þeirri er höfð var í frammi frá hálfu hins opinbera, er hann neitaði að uppfylla boð amtsins um að skera niður geldfé sitt; hafði hann fyrst og fremst sótt um það, að stjórnin með úrskurði sínum

1) Amtmaður Melsteð hafði nefnilega skýrt stjórninni frá, hvað gjört hefði verið við hina ólöglegu verzlun lausakaupmannanna Simon- sens, Christensens og Glads á Steingrímsfirði í fyrra, og beiðzt úrskurðar stjórnarinnar um málið.